

# Tækjatrýgging

Helstu upplýsingar um trygginguna (IPID)

Vátryggjandi: VÍS | Ármúla 3, Reykjavík | vis.is



TOLVUTEK

Skilmáli EE14

Hér eru **helstu upplýsingar** um trygginguna. Þetta eru **ekki tæmandi** upplýsingar, en þú getur kynnt þér trygginguna enn betur með því að lesa skilmála hennar á **vis.is** ásamt frekari upplýsingum um hana.

## Hvernig trygging er þetta?

Tækjatrýgging nær til þeirra hluta sem ekki eru hluti af húseign og er hugsuð fyrir rafeindatæki eins og síma, tölvur og myndavélar. Trygginguna verður að kaupa á sama tíma og tækið.



### Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Bætir tjón á tækinu þínu af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks.



### Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

Tryggingarfjárhæð takmarkast við verðmæti þess tækis sem tryggingin var keypt fyrir.

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður vegna:

- ! Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- ! Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- ! Geislavirkra efna og kjarnorku.

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður vegna náttúruhamfara nema það sé sérstaklega valið.



### Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem orsakast af hita eða rakabreytinga.  
Tjón sem rekja má til eðlilegs slits vegna notkunar, ryðs og tæringar.
- ✗ Tjón sem veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi tækisins, til dæmis rispur.
- ✗ Tjón sem verður vegna viðgerðar eða viðhalds.  
Tjón vegna tapaðra eða skemmdra gagna og hugbúnaðar.
- ✗ Tjón sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- ✗ Tjón vegna mynddepilsbreytinga (pixla) ef það rýrir ekki notagildi tækisins.



### Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



### Hverjar eru mínar skyldur?

- Fara að fyrirmælum framleiðanda um meðhöndlun, uppsetningu og notkun.
- Gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjón verði.
- Ekki skilja tækið eftirlitslaust á almannafæri heldur taka það alltaf með þér.
- Alltaf hafa vitneskju um hvar tækið sé staðsett.
- Lágmarka kostnað eins mikið og hægt er, ef til tjóns kemur.
- Tilkynna tjón eins fljótt og hægt er.
- Greiða iðgjaldið fyrir trygginguna á réttum tíma.
- Vanræksla á þessu getur leitt til þess að bætur fást ekki greiddar eða séu greiddar að hluta.



### Hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

- Þú greiðir fyrir trygginguna um leið og tækið er keypt hjá söluaðila.



### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- Tryggingin er skammtímatrygging sem gildir aðeins í ákveðinn tíma eða frá þeim degi sem iðgjald er greitt við kaup á tæki en gildistíminn getur verið mismunandi. Tryggingin endurnýjast því ekki.



### Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Tryggingin er keypt fyrir tiltekið tímabil og getur vátryggingatæki ekki sagt upp tryggingunni. Tryggingin fellur sjálfkrafa niður við lok vátryggingartímabils sem tilgreint er í vátryggingarskríteini eða þegar félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.